

FATF

Kynning hjá Samtökum verslunar- og
þjónustum Samtökum iðnaðarins og
Samtökum ferðaþjónustunnar

31. október 2019

Áslaug Jósepsdóttir, Dómsmálaráðuneytið

Guðrún Ögmundsdóttir, Seðlabanki Íslands



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Hvað er FATF

- FATF er alþjóðlegur fjármálaaðgerðahópur sem var stofnaður árið 1989 af G-7 ríkjum, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og átta öðrum ríkjum. Síðan þá hefur meðlimum samtakanna fjölgað og þeir eru nú 39 talsins.
- Ísland gerðist aðili að FATF á árinu 1991.



Markmið FATF

- Markmið FATF er að stuðla að skilvirkri innleiðingu löggjafar, regluverks og aðgerða til að berjast gegn peningapvætti, fjármögnun hryðjuverka og öðrum tengdum ógnum við stöðugleika alþjóða fjármálakerfisins.
- FATF hefur sett 40 tilmæli (e. FATF standards), sem eru almennt viðurkennd sem alþjóðlegir staðlar þegar kemur að vörnum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.



Eftirlit með fylgni við staðla

- FATF fylgist með því hvernig aðildarríki og önnur ríki innleiða staðla þeirra og hvernig skilvirkni er háttað.
- Þetta er gert á grundvelli svokallaðra gagnkvæmra úttekta (e. Mutual Evaluations) þar sem aðildarríkin tilnefna úttektaraðila til að annast um úttektir á öðrum ríkjum á jafningjagrundvelli (e. Peer review).



Valdheimildir FATF

- Hvað valdheimildir FATF varðar, þá skuldbindur ríki sig þegar það sækir um aðild að FATF, til að:
 - Gangast undir tilmæli og aðferðafræði FATF.
 - Undirgangast úttektir og skila eftirfylgnisskýrslum vegna þeirra.
 - Taka virkan þátt í starfi samtakanna.
- Valdheimildir FATF stafa samkvæmt þessu í raun frá aðildarríkjunum sjálfum þegar þau samþykkja að innleiða tilmælin og gangast undir úttektir.



Áhrif FATF

- Áhrif FATF eru ótvíræð.
 - Tilskipanir ESB um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka byggja að mestu leyti á stöðlum FATF
 - Fjármálafyrirtæki og aðrir markaðsaðilar líta til tilkynninga FATF þegar þau meta hvers konar áreiðanleikakönnun þau ættu að beita gagnaðila



Skýrsla Íslands birt 2018

- Niðurstöður.
- Hvað tæknilega hlutann varðaði þá var það niðurstaðan að Ísland hefði uppfyllt
 - 5 tilmæli að öllu leyti (e. Compliant),
 - 13 tilmæli að mestu leyti (e. largely compliant)
 - 20 tilmæli að hluta (e. partially compliant) og
 - 2 tilmæli ekki að neinu leyti (e. Non Compliant)



Skýrsla Íslands birt 2018

- Í skilvirkninni, sem er metin á grundvelli 11 mælikvarða sem nefnast Immediate Outcomes, var Ísland metið með:
 - lága skilvirkni (e. low level of effectiveness) í 6 mælikvörðum,
 - miðlungs skilvirkni (e. moderate level of effectiveness) í 4 mælikvörðum og
 - talsverða skilvirkni (substantial level of effectiveness) í 1 mælikvarða.
- Skýrslan kvað á um 51 aðgerð sem Íslandi var ráðlagt að grípa til í því skyni að efla varnir sínar í málaflokknum.



Aðgerðir stjórnvalda

- Gripið var til umfangsmikilla úrbóta í málaflokknum sem fólu m.a. í sér:
 - Endurskoðun á regluverki
 - Fjölgun starfsmanna
 - Kerfisbreytingu í tengslum við eftirlit
 - Gerð áhættumats
 - Útgáfu fræðsluefnis
 - Fræðslufundi



Aðgerðir stjórnvalda

- Á fundi FATF í júní sl. var fylgni Íslands við tilmæli FATF endurskoðuð á grundvelli þeirra aðgerða sem þegar var lokið í desember 2018 sem fól í sér hækkun á 14 tilmælum.
- Niðurstaðan felur í sér að Ísland hefur uppfyllt 28 tilmæli að öllu eða mestu leyti, 11 tilmæli eru uppfyllt að hluta og ein tilmæli ekki að neinu leyti.
- Næsta tækifæri fyrir Ísland til að sækja um endurskoðun á fylgni við tilmælin er í desember nk. og er undirbúningur fyrir það þegar hafinn.



Aukin eftirfylgni hjá FATF

- Á fundi FATF í október sl. var það niðurstaða FATF að Ísland hafi ekki náð fullnægjandi árangri varðandi þrjú atriði:
 - Innleiðingu á skrá um raunverulega eigendur
 - Innleiðingu á kerfi hjá Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu
 - Almannaheillafélög
- Niðurstaða FATF var því að setja Ísland í aukna eftirfylgni hjá samtökunum til að fylgja því eftir að framangreindum aðgerðum verði lokið.



Áhrif á fyrirtæki

- Í tilkynningu FATF sem birt er [hér](#) segir:
 - “The FATF and the FATF-style regional bodies (FSRBs) will continue to work with the jurisdictions noted below and to report on the progress made in addressing the identified deficiencies. The FATF calls on these jurisdictions to complete the implementation of action plans expeditiously and within the proposed timeframes. The FATF will closely monitor the implementation of these action plans. The FATF **does not** call for the application of enhanced due diligence to be applied to these jurisdictions, but encourages its members to take into account the information presented **below** in its risk analysis”.



Áhrif á fyrirtæki

- Fyrirtæki eiga því að taka tillit til þeirra þátta sem FATF telur útistandandi varðandi viðkomandi ríki, sem eins og áður segir lýtur að því að Ísland ljúki við innleiðingu tveggja kerfa sem eru langt komin og að almannatheillafélögum en löggjöf sem sett var þann 10. október mætir kröfum FATF í þessum efnum en ekki náðist að meta nýjasta árangur landsins í þeim efnum áður en aðgerðaáætlunin var samþykkt.



Áhrif á fyrirtæki

- Talsverð óvissa um það hvaða áhrif aukið eftirlit FATF með Íslandi muni hafa á innlend fyrirtæki.
- Serbía sætti slíku eftirliti í eitt ár og samkvæmt upplýsingum þaðan var ekki hlaupið að því að meta afleiðingarnar. Orðsporsáhætta var hins vegar eitt sem kom upp. Þá hafi serbnesk fyrirtæki í einhverjum tilvikum lent í því að gangaðilar þeirra hafi framkvæmt aukna áreiðanleikakönnun á fyrirtækinu.



Áhrif á fyrirtæki

- Það kann því að vera að einhverjir gagnaðilar kunni að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun þrátt fyrir að FATF krefjist þess ekki og þeir þættir sem eru útistandandi séu ekki þess eðlis að viðskipti við íslenska aðila séu áhættusöm.
- Stjórnvöld hafa tekið saman ítarlegar upplýsingar um þær varnir sem til staðar eru vegna peningabættis og fjármögnun hryðjuverka sem eru aðgengilegar [hér](#) og fyrirtæki geta nýtt sér ef gagnaðili ætlar sér að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun.



Áhrif á fyrirtæki

- Stjórnvöld hafa ekki orðið vör við neikvæð áhrif þess að vera í aukinni eftirfylgni af hálfu FATF og mögulega kunna einu áhrifin að vera orðsporsáhætta. Enn hafa ekki sést mikil áhrif af veru Íslands á gráa listanum og það er mat stjórnvalda að áhrifin verði ekki mikil, önnur en orðsporsáhætta.
- Stjórnvöld munu áfram vakta möguleg áhrif og er unnið markvisst að því að ljúka útistandandi aðgerðum.



Mat á áhrifum niðurstöðu FATF

- Undirbúningur Seðlabankans vegna mögulegra áhrifa á erlenda greiðslumiðlun
 - Ólíkar sviðsmyndir og misalvarlegar
 - Möguleikar á töfum í greiðslumiðlun og auknum áreiðanleikakönnunum
- Önnur áhrif talin líklegri því lengur sem Ísland hefur þessa stöðu
 - Mögulegur aukinn fjármögnunarkostnaður banka og fyrirtækja



Mat á áhrifum niðurstöðu FATF

- Áhersla á upplýsingamiðlun til fjármálafyrirtækja í erlendri greiðslumiðlun og erlendra viðskiptabanka og mótaðila
 - Traustar og skýrar upplýsingar um þau atriði sem út af standa og áætlun stjórnvalda



Mat á áhrifum niðurstöðu FATF

- Ekki haft áhrif hingað til, hvorki á greiðslumiðlun né útlit fyrir að hafi áhrif á fjármögnunarkostnað banka
 - Ný viðskiptasambönd kunna þó að verða erfiðari

Vaxtaálag á skráðum erlendum skuldabréfum viðskiptabankanna í evrum síðastu 12 mánuði¹

